

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2015, 18. maí, var haldinn 18. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.33. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Björn Gíslason, Hildur Sverrisdóttir, Magnús Arnar Sigurðarson og áheyrnarfulltrúinn Auður Alfífa Ketilsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Sonja Wium, Svavar Jósefsson og Hreinn Hreinsson. Fundarritari var Ásta Guðrún Beck.

### Þetta gerðist:

1. Lögð er fram að nýju eftirfarandi tillaga frá fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina dags. 4. maí 2015 (R15050021):  
Í ljósi niðurstöðu könnunar MMR er lagt til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykki að óska eftir því að borgarstjórn fari í almenna atkvæðagreiðslu meðal íbúa Reykjavíkur, skv. 107. gr., sbr. 108. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, um það hvort loka eigi flugbraut 06/24.  
Umsögn borgarlögmanns dags. 13. maí 2015 um tillöguna er lögð fram og kynnt. Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður tekur sæti undir þessum lið.  
Tillagan er felld með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.  
Fulltrúar Sjálfstæðisflokks sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram eftirfarandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði gegn deiliskipulagi Hlíðarenda þann 5. nóvember 2014 og gerðu þá skýra grein fyrir atkvæðum sínum með ítarlegum bókunum. Með sama hætti afgreiddu borgarfulltrúar þessa sama flokks deiliskipulagið í borgarstjórn 2. desember sl. Afstaða borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er enn óbreytt varðandi það að Rögnunefndin svokallaða ætti að fá að ljúka störfum áður en breytingar eru gerðar varðandi Reykjavíkurlugvöll. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja því að áður en farið verði í íbúakosningu um flugvöllinn verði að liggja fyrir skýrir valkostir um staðsetningu hans.

Fulltrúar Pírata, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti stjórnkerfis- og lýðræðisráðs vísar til umsagnar borgarlögmanns um tillögu um íbúakosningu um hvort loka eigi flugbraut 06/24. Í umsögninni kemur skýrt fram að efni tillögunnar uppfyllir ekki skilyrði 107. gr., sbr. 3. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir því að krefjast megi íbúakosningar um það, þar sem niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu gæti orðið sú að Reykjavíkurborg uppfylli ekki ótvíræða samningsskyldu sem á henni hvílir. Borgarstjórn er því beinlínis óheimilt að ákveða að íbúakosning fari fram um málefnið sem tillagan snýst um og því er stjórnkerfis- og lýðræðisráði ekki stætt á því að samþykkja tillöguna. Fulltrúar ráðsins eru bundnir af lögum og grundvallarreglum góðrar stjórnsýslu í þessum efnem sem öðrum, líkt og áréttað er í siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Þá vill meirihluti ráðsins minna á að það er í höndum innanríkisráðherra að taka formlega og faglega ákvörðun um lokun umræddrar flugbrautar og um viðeigandi ráðstafanir því samhliða til að tryggja flugöryggi.

2. Lögð er fram að nýju eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina dags. 4. maí 2015 (R15050021):

MMR kannaði hug Íslendinga til þess að loka flugbraut 06/24 (oft nefnd neyðarbraut) á Reykjavíkflugvelli. Niðurstöður könnunarinnar voru þær að 78% Íslendinga eru andvíg því að brautinni verði lokað. Sé aðeins horft á íbúa höfuðborgarsvæðisins vilja 74% ekki að brautinni verði lokað. Sé aðeins horft á Reykjavík þá eru 68% íbúa andvíg lokun brautarinnar. Könnunin var unnin af MMR dagana 16.- 21. apríl 2015 og spurt var: „Ert þú fylgjandi eða andvíg(ur) því að flugbraut 06/24 á Reykjavíkflugvelli, oft nefnd neyðarbraut, verði lokað?“ Úrtakið voru Íslendingar á aldrinum 18 ára og eldri. Svarfjöldi: 1.001 einstaklingur. Niðurstaða könnunar MMR sýnir að meirihluti þeirra sem tók þátt vill ekki láta loka brautinni.

Því óska Framsókn og flugvallarvinir eftir upplýsingum um það hvort og þá með hvaða hætti stjórnkerfis- og lýðræðisráð ætlar að bregðast við þessari könnun. Frestað.

3. Lögð er fram að nýju eftirfarandi tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina sem lögð var fram eftir kynningu á áfangaskýrslu starfshóps um nýju Reykjavíkurhúsin sem fram fór á síðasta fundi ráðsins (R13010108):

Stjórnkerfis og lýðræðisráð beinir því til borgarráðs að leggja fyrir ráðið lögfræðilega álitserð um lagalega stöðu þeirra tveggja leiða, einkablands og blokkarbands, með sérstakri áherslu á samkeppnissjónarmið, jafnréttissjónarmið, skaðabótaáhættu og skyldu sveitarfélags skv. 12. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til borgarráðs.

4. Lögð er fram að nýju eftirfarandi tillaga fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina (R15050019):

Framsókn og flugvallarvinir setja fram þá tillögu að stjórnkerfis- og lýðræðisráð óski eftir skriflegum svörum frá öllum fagráðum borgarinnar um hversu langur tími líður frá því að a) tillaga er sett fram í fagráði og þar til hún er afgreidd, b) fyrirspurn er sett fram í fagráði og þar til að svar liggur fyrir. Ásamt því að fá sundurliðun á hverri og einni fyrirspurn og tillögu þá er óskað eftir upplýsingum um skemmsta tíma, lengsta tíma, meðaltíma á hverju sviði fyrir sig. Tímabilið sem óskað er upplýsinga um er annarsvegar frá 16.06.2014 til dagsins í dag og hins vegar 16.06.2013-15.06.2014.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir tillöguna.

5. Lögð er fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík, dags. 30. apríl 2015, um að leggja niður leikskólaráð. (R15010070)  
Tillagan hefur verið send til umsagnar skóla- og frístundasviðs.  
Frestað.
6. Lagt er fram bréf borgarráðs dags. 5. maí 2015 um framlengingu Breiðholtsverkefnisins (R15040202).
7. Lagt er fram bréf borgarráðs dags. 8. maí 2015 um að samþykkt hafi verið að fagráð geri árlegan „hættulista“ (R15020146).

**Fundi slitið kl. 14:00**

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarasdóttir  
Magnús Arnar Sigurðarson

Hilmar Sigurðsson  
Björn Gíslason

Heiða Björg Hilmisdóttir

Hildur Sverrisdóttir